

57. Fjórðungsþing Vestfirðinga

Haldið á Bíldudal
4. og 5. október 2012



Þinggerð og ályktanir

57. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 4. og 5. október 2012 á Bíldudal

Þinggerð

Þinggerð 57. Fjórðungspings Vestfirðinga

Árið 2012 fimmtudaginn 4. október kl: 13:30 haldið í félagsheimilinu Baldurshaga á Bíldudal

1. Þingsetning

Albertína Fr. Elíasdóttir, formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna. Bar hún síðan upp tillögu að þingforseta og varaþingforseta.

Þingforseti var kosinn Friðbjörgu Matthíasdóttur, forseta bæjarstjórnar Vesturbyggðar, varaþingforsetar voru kosnir Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Tálknafjarðarhreppi og Birna Benediktsdóttir, Tálknafjarðarhreppi.

Tók þingforseti, Friðbjörg Matthíasdóttir við stjórn fundarins og bar upp tillögu að þingriturum. Þingritarar voru kosnir, Díana Jóhannsdóttir og Magnús Ólafsson, starfsmenn þingsins.

Þá bar þingforseti upp tillögu að eftirfarandi nefndum:

Kjörnefnd

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Tálknafjarðarhreppi, formaður
Jón Gísli Jónsson, Strandabyggð
Ásdís Snót Guðmundsdóttir, Vesturbyggð
Guðfinna Hreiðarsdóttir Ísafjarðarbæ
Jóna Benediktsdóttir, Ísafjarðarbæ.

Kjörbréfanefnd

Arnheiður Jónsdóttir, Vesturbyggð, formaður
Jenný Jensdóttir, Kaldrananeshreppi
Benedikt Bjarnason, Ísafjarðarbæ

Fjórðungsmálanefnd

Gísli Halldór Halldórsson, formaður, Ísafjarðarbæ

Allsherjarnefnd

Andrea Björnsdóttir, formaður, Reykhólahreppi

Fjármálanefnd

Kristín Hálfhánsdóttir, formaður, Ísafjarðarbær.

Allar tillögur þingforseta voru samþykktar með lófataki.

2. Ávörp gesta

1. **Ásbjörn Óttarsson** fyrsti þingmaður NV kjördæmis, tók til máls. Þakkaði boð á Fjórðungsping Vestfirðinga og fund sveitarstjórnarmanna með

Þingmönnum Norðvestur kjördæmis sem haldinn var fyrr um daginn. Lagði hann áherslu á góð samskipti á þessum vettvangi og að þingmenn kjördæmisins legðu áherslu á að ná samstöðu um mál er vörðuðu landshlutann. Skilaði kveðju Jóns Bjarnasonar og Gunnars Braga Sveinssonar þingmanna sem eru fjarverandi vegna starfa á vegum Alþingis á erlendum vettvangi einnig bar hann kveðju frá Lilju Rafney Magnúsdóttur sem varð vegna anna að hverfa af Fjórðungspingi.

2. **Karl Björnsson** framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga kynnti stöðu verkefna sambandsins á þessu starfsári, samskipti sveitarfélaga og ríkisins og áherslur sambandsins á næstu árum. Hann bar kveðjur til þingsins frá starfsmönnum sambandsins og þá sérstaklega formanni þess Halldóri Halldórssyni sem sá sér ekki fært að mæta. Efni erindis Karls er að finna í kynningarglærum á heimasíðu Fjórðungssambands Vestfirðinga.
3. **Hermann Sæmundsson** skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu flutti fjallaði vítt og breytt um starfssemi innanríkisráðuneytisins og samskipti við sveitarstjórnir. Hann bar þingfulltrúum kveðju innanríkisráðherra Ögmundi Jónassyni sem sá sér ekki fært að koma á þingið. Efni erindis Hermanns er að finna í kynningarglærum á heimasíðu Fjórðungssambands Vestfirðinga.

3. Stefnumótun vegna Sóknaráætlunar Vestfjarða

Hólmfríður Sveinsdóttir, verkefnastjóri sóknaráætlunar landshluta. Kynnti aðdraganda og framkvæmd sóknaráætlana landshluta. Kynningu Hólmfríðar má finna á heimasíðu Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Eftir kynninguna gaf þingforseti orðið laust til umræðu

Til máls tóku Sigurður Pétursson bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar og ræddi flutning málefna fatlaðs fólks til sveitarfélaganna. Einnig tók til máls vegna þess málefnis Aðalsteinn Óskarsson, og svaraði síðan Karl Björnsson þeim fyrirspurnum. Til máls tók Gústaf Jökull Ólafsson vegna sóknaráætlunar landshluta, Hólmfríður Sveinsdóttir og Hermann Sæmundsson svöruðu fyrirspurninni.

Þingforseti tók til máls og gaf svo formanni orðið.

Albertína Fr. Elíasdóttir tók til máls og fór yfir það verklag sem fyrirhugað var í hópastarfi þingsins varðandi sóknaráætlun landshluta. Málefnum var skipt í fjóra málaflokka og var unnið í þeim hópum. Var lagt til að sú vinna yrði notað sem grunnur í vinnu vegna sóknaráætlunar Vestfjarða. (Sjá þingskjal nr. 6).

Þingforseti gerði tillögu að skiptingu í hópa og settust þingfulltrúar nú að störfum.

Kaffihlé.

Albertína Elíasdóttir tók til máls og kynnti tillögu stjórnar um stoðkerfi atvinnu og byggða. Greindi hún frá því að ekki hefði gengið að fylgja eftir ákvörðun síðasta Fjórðungspings og baðst hún velvirðingar á þeirri töf, en hún lagði til tvær tillögur vegna framhaldsins, var það annarvega að FV tæki yfir samning um atvinnuráðgjöf á Vestfjörðum og stofnað yrði atvinnuþróunardeild undir Fjórðungssambandinu, en hin leiðin var áframhaldandi samstarf við Atvest með þjónustusamningi og auknu samstarfi. Jafnframt var lagt til að áfram yrði haldið með sameiningu Markaðsstofu og Menningarráðs við Fjórðungssambandið, líkt og samþykkt var á aukapingi.

Þingforseti gefur orðið laust.

Til máls tekur **Ómar Már Jónsson** sveitarstjóri Súðavíkurhrepps og formaður stjórnar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Fór hann yfir þá tillögu sem samþykkt var um sameiningu á aukapingi Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 25. nóvember 2011. Var þar stefnt á sameiningu FV, Atvest, Markaðsstofu og Menningarráðs, eftir samþykkt þess efnis á þinginu var boðað til hluthafafundar hjá Atvest þar sem tillagan var felld. Benti Ómar á að ákvæði samþykkt félagsins gerðu kröfu á að full samstaða væri um breytingar af þessu tagi að hálfu eigenda félagsins. Í samþykktunum væri krafist aukins meirihluta við afgreiðslu slíkra mála og samþykktirnar takmörkuðu einnig atkvæðavægi hluthafa sem ættu hærri hlut en 20 % í félaginu, þar með talið FV og Byggðastofnun. Ómar lagði áherslu á að fá niðurstöðu í málið, hvort sem það yrði gert með þjónustusamningi eða með sameiningu.

Jóna Benediktsdóttir bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ tók til máls og vildi skamma stjórn fyrir seinagang, en hún gerði það sjálf. Telur að málið hafi verið rætt í þaula, með samráðsfundum, umræðu 56. Fjórðungspings og aukapingi.

Sigurður Pétursson bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ tekur til máls. Ítrekar niðurstöðu Fjórðungspings og aukapings, þar sem samþykkt var að fara ákveðna leið. Sigurður telur að við getum eflt Fjórðungssambandið með sameiningu, fáum þar aukið afl og mannafla. Leggur til að FV stofni eigin byggðaðróunardeild.

Jóhann Hannibalsson bæjarfulltrúi í Bolungarvík tekur til máls og telur að Fjórðungssambandið eigi ekki að rífa niður það sem vel hefur verið gert, FV eigi að styðja Atvest.

Þingforseti gerir tillögu um að vísa ályktuninni til fjórðungsmálanefndar.

Þinghlé gert til kl. 09:00 næsta dags.

Föstudagur 5. október 2012

Þingforseti Friðbjörg Matthíasdóttir setur þingið að nýju kl. 09:00.

1. **Skýrsla stjórnar - Albertína Elíasdóttir** formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga tekur til máls og fer yfir efni skýrslu stjórnar. (Sjá þingskjal nr. 4).
2. **Ársreikningur 2011**, Aðalsteinn Óskarsson fer yfir ársreikning 2011. (Sjá þingskjal nr. 3b).
3. **Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2012 og fjárhagsáætlun 2013**, Aðalsteinn Óskarsson fer yfir endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 og fjárhagsáætlun fyrir 2013. (Sjá þingskjal nr. 3a).

Fjárhagsáætlun óskast vísað til fjárlaganefndar.

Þingforseti gefur orðið laust

Þórir Sveinsson fjármálastjóri Vesturbyggðar tók til máls og gerði samanburð milli ára fjárhagsáætlunar FV fyrir árið 2012 og tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2012 og óskar eftir skýringu á 2. mkr. hækkun milli ára, sem aðallega felast í hækkun launa.

Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga útskýrði hækkun þá sem verði milli ára, kemur þar til hækkun launa framkvæmdastjóra sem hafa staðið í stað í nokkur ár, sem og ráðning starfsmanns vegna aukinna verkefna sambandsins.

Þingforseti lagði til að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2012 og fjárhagsáætlun 2013 verði vísað í fjármálanefndar og var það samþykkt.

4. **Skýrsla stjórnar BsVest. – Arnheiður Jónsdóttir** verkefnastjóri fór yfir skýrslu stjórnar BsVest. (Sjá þingskjal nr. 4).

Þingforseti gefur orðið laust um skýrslu stjórnar BsVest.

Daníel Jakobsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar tekur til máls og ræðir umslukostnað BsVest, en hann telur hann of mikinn og að hann lendi of mikið á Ísafjarðarbæ. Einnig telur hann að verkefnið hafi í raun aldrei verið klárað og vísar þar til þess að ef tap verður á málaflöknum lendi það á Ísafjarðarbæ.

Guðfinna Hreiðarsdóttir bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar tók undir með Daníel Jakobssyni er varðar útgjöld á rekstri BsVest. Telur hún nýtingu fjármunanna ekki vera nægilega góða, í fjárhagsáætlun sé gert ráð fyrir 1. mkr. til FV og 1,2 mkr. til Capacent vegna greiningarvinnu.

Jóna Benediktsdóttir bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar tekur til mál og telur það góða hugmynd að BsVest reki stofnanirnar sjálft. Einnig lýsir hún yfir ánægju með fyrirhugaða úttekt Capacent og telur hana gott tækifæri til að læra af því sem gert er.

Ómar Már Jónsson sveitarstjóri í Súðavík tekur til máls og fer yfir ástæður þess að ákveðið var að stofna byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks, var það talið besta leiðin á þeim tíma og spyr hann hvort þingfulltrúar vilji breytingu á þessu kerfi.

Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga tekur til máls og tekur undir með Daníel að í raun hafi málið aldrei verið klárað endanlega. Einnig hafi ekki fengist full framlög til málaflokksins við upphaf starfsemi BsVest og langan tíma tók að fá leiðréttingu á því, það hefði nú tekist að talsverðu leyti en endanleg niðurstaða yrði ekki ljós fyrir í lok reynslutímabils 2011-2013. Til að takast á við álitmál dagsins var ákveðið að fá Capacent til að fara yfir starfsemina.

Arnheiður Jónsdóttir verkefnastjóri BsVest tekur til máls, þakkar umræðuna og svarar þeim fyrirspurnum sem fram hafa komið. Tekur undir með Daníel að stjórnin verði að taka umræðuna um taprekstur. Skýrir að greiðslur til BsVest og greiðslur til sveitarfélaganna ráðast af útsvarstekjum sem hafa verið undir áætlun. Lagt hefur verið fyrir jöfnunarsjóð hvort þeir muni koma til móts með greiðslur ef áætlun og rauntekjur stemma ekki.

- 5. Ársreikningur 2011 – Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2012 – Fjárhagsáætlun 2013 BsVest.** **Aðalsteinn Óskarsson** framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga, tekur til máls og greindi frá því að ekki sé hægt að leggja fram endurskoðaða fjárhagsáætlun 2012 og fjárhagsáætlun 2013 þar sem tekjuforsendur Jöfnunarsjóðs liggi ekki fyrir. (Sjá þingskjal nr. 5).

Þórir Sveinsson fjármálastjóri Vesturbyggðar tók til máls og óskaði eftir leiðréttingu á því að ekki sé gert ráð fyrir lífeyrisskuldbindingum í ársreikningnum.

Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga, þakkar Þóri fyrirspurnina og réttmætar ábendingar.

Þingforseti lagði til að Ársreikningur 2011 – Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2012 – Fjárhagsáætlun 2013 Byggðasamlags Vestfjarða verði vísað til fjármálanefndar.

Samþykkt samhljóða.

Kaffihlé.

Þingforseti Friðbjörg Matthíasdóttir, tók til máls og óskaði eftir leyfi þingsins til að bera öll mál stjórnar upp í einu og var það samþykkt samhljóma.

Mál lögð fram, fyrri umræða:

Albertína Elíasdóttir formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga tók til máls og fór yfir mál stjórnar.

1. Mál lögð fram af stjórn:
 - a. Mál stjórnar um stoðkerfi atvinnu og byggða. Formaður lagði fram tillögu stjórnar vegna stoðkerfis atvinnu og byggða. (Sjá þingskjal nr. 7). Mál óskast vísað til allsherjanefndar.
 - b. Mál stjórnar um jöfnun kostnaðar raforku. Formaður lagði fram tillögu stjórnar til jöfnunar kostnaðar vegna raforku. (Sjá þingskjal nr. 8). Mál óskast vísað til allsherjanefndar.

- c. Mál stjórnar um byggðaþróun. Formaður lagði fram tillögu vegna byggðaþróunar á Vestfjörðum. (Sjá þingskjal nr. 9). Mál óskast vísað til allsherjanefndar.
- d. Mál stjórnar um jöfnun kostnaðar vegna húshitunar. Formaður lagði fram tillögu vegna jöfnunar kostnaðar vegna húshitunar. (Sjá þingskjal nr. 10). Mál óskast vísað til allsherjanefndar.

2. Mál lögð fram af þingfulltrúum:

- a. Gísli Halldór Halldórsson bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar lagði fram mál um nýtingaráætlun strandsvæða. (Sjá þingskjal nr. 13). Mál óskast vísað til fjórðungsmálanefndar.
- b. Sigurður Pétursson bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar og formaður samgöngunefndar FV lagði fram mál um samgöngumál. (Sjá þingskjal nr. 12). Mál óskast vísað til allsherjanefndar.
- c. Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir oddviti Tálknarfjarðarhrepps og stjórnarmaður í samgöngunefnd FV lagði fram mál vegna flugvallarins í Reykjavík. (Sjá þingskjal nr. 11). Mál óskast vísað til allsherjanefndar.

Þingforseti gefur orðið laust.

Benedikt Bjarnason bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar tekur til máls varðandi þingskjal nr. 9 og spyr hvort breytingar á skattkerfinu sé nægileg breyting til að snúa við þeirri þróun sem hefur átt sér stað. Varðandi tillögu stjórnar um stoðkerfi atvinnu og byggða (þingskjal nr. 9) veltir hann því fyrir sér hvers vegna ákvörðun hafi enn ekki verið tekin.

Albertína Elíasdóttir formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga svaraði fyrirspurnum Benedikts Bjarnasonar, varðandi það að nota skattkerfið til byggðastýringar þá hefur sú leið gengið ágætlega í Norður Noregi og ætti því alveg að geta gengið á Íslandi. Varðandi tillögu um Reykjavíkurlugvöll þá telur Albertína að það muni einnig vera neikvætt fyrir höfuðborgarsvæðið ef minni samgöngur verði til Vestfjarða.

Þingforseti tekur til máls og leggur fram ósk um vísun þingmála til nefnda:

Þingskjal 7 verði vísað til Fjórðungsmálanefndar – Samþykkt samhljóða

Þingskjal 8 verði víðar til Allsherjarnefndar – Samþykkt samhljóða

Þingskjal 9 verði vísað í Allsherjarnefnd – Samþykkt samhljóða

Þingskjal 10 verði vísað í Allsherjarnefnd – Samþykkt samhljóða

Þingskjal 11 verði vísað til Allsherjarnefndar – Samþykkt samhljóða

Þingskjal 12 verði vísað til Allsherjarnefndar – Samþykkt samhljóða

Þingskjal 13 verði vísað til Fjórðungsmálanefndar – Samþykkt samhljóða

Skýrsla fastanefndar um samgöngumál.

Sigurður Pétursson bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ formaður Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga flutti skýrslu fastanefndar um samgöngumál. Fór Sigurður yfir helstu verkefni samgöngunefndar, meðal annars Vestfjarðaveg 60 um Gufudalsveg, samgönguáætlun 2011-2022 og almenningsamgöngur. Það eru því mörg stór verkefni sem bíða næstu samgöngunefndar.

Þingforseti gefur orðið laust.

Daníel Jakobsson bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ spurðist fyrir um hver staðan sé varðandi veginn frá Bíldudal upp í Helluskarð á Dynjandisheiði.

Sigurður Pétursson svaraði því til að Dynjandisheiðarnefnd hafi ekki komið saman í langan tíma og krefjast verður fundar fljótlega. Forgangsröðun samgöngunefndar hefur verið að klára stóru verkefni en vissulega þarf að funda með vegagerðinni varðandi önnur mál líkt og þetta.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir lýsti skoðun sinni á forgangsverkefnum Dynjandisheiðarnefndar, þegar að fjármagn fæst í Dýrafjarðargöng verður að vera til staðar tenging yfir Dynjandisheiði og tenging við Bíldudal.

Arnheiður Jónsdóttir bæjarfulltrúi í Vesturbyggð formaður Kjörbréfanefndar, fór yfir skil á kjörbréfum og umboðum.

Sveitarfélag	Aðalfulltrúar	Atkvæði		
		KB	Hlutfall sveitarfélags	
Árneshreppur	Nöfn		156	1,67%
	Oddný S. Þórðardóttir	x		
Bolungarvíkurkaupstaður	Baldur Smári Einarsson (1/7) Veitir		1.335	14,29%
	Guðbjarti Jónssyni umboð	x		
	Elías Jónatansson (1/7) Veitir			
	Guðbjarti Jónssyni umboð	x		
	Guðbjartur Jónsson (1/7)	x		
	Jóhann Hannibalsson (1/7)	x		
	Ketill Elíasson (2/7)	x		
	Víðir Benediktsson (1/7) Veitir			
	Guðbjarti Jónssyni umboð	x		
Ísafjarðarbær	Sigurður Pétursson	x	3.758	40,24%
	Gísli H. Halldórsson	x		
	Albertína Fr. Elíasdóttir	x		
	Guðfinna M. Hreiðarsdóttir	x		
	Kristján Andri Guðjónsson	x		
	Kristín Hálfhánsdóttir	x		
	Jóna Benediksdóttir	x		

	Steinþór Bragason	x		
	Benedikt Bjarnason	x		
Kaldrananeshreppur			315	3,37%
	Jenný Jensdóttir	x		
	Guðbrandur Sverrisson, veitir Jenný Jensdóttur umboð	x		
	Óskar Torfason, veitir Jenný Jensdóttur umboð	x		
	Magnús Ásbjörnsson, veitir Jenný Jensdóttur umboð	x		
	Sunna Einarsdóttir, veitir Jenný Jensdóttur umboð	x		
Reykholahreppur			540	5,78%
	Ragnar Sveinsson	x		
	Gústaf Jökull Ólafsson	x		
	Eiríkur Kristjánsson	x		
	Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir	x		
	Andrea Björnsdóttir	x		
Súðavíkurhreppur			546	5,85%
	Ómar Már Jónsson	x		
	Ester Rut Unnsteinsdóttir	x		
Strandabyggð			773	8,28%
	Jón Gísli Jónsson	x		
	Jón Jónsson	x		
	Bryndís Sveinsdóttir, veitir Jóni Gísla Jónssyni umboð	x		
	Ásta Þórisdóttir	x		
	Viðar Guðmundsson, veitir Jóni Jónssyni umboð	x		
Tálknafjarðarhreppur			558	5,97%
	Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir	x		
	Birna Benediktsdóttir	x		
	Bjarnveig Guðbrandsdóttir	x		
Vesturbyggð			1.358	12,46%
	Friðbjörg Matthíasdóttir	x		
	Ásgeir Sveinsson	x		
	Ásdís Snót Guðmundsdóttir	x		
	Gunnar Bjarnason, veitir Friðbjörgu Matthíasdóttur umboð	x		
	Arnheiður Jónsdóttir	x		
	Guðrún Eggertsdóttir			
	Jón Árnason, veitir Arnheiði Jónsdóttur umboð	x		
Samtals			9.339	97,92%

Hádegishlé

Nefndarstörf

Allsherjarnefnd skipa, Andrea Björnsdóttir, Sigurður Pétursson, Gústaf Jökull Ólafsson, Ásta Þórisdóttir, Ásgeir Sveinsson, Steinþór Bragason, Smári Haraldsson, Ester Rut Unnsteinsdóttir, Ketill Elíasson, Eiríkur Kristjánsson, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir.

Fjórðungsmálanefnd skipa, Gísli Halldór Halldórsson formaður, Shiran Þórisson, Ómar Már Jónsson, Guðbjartur Jónsson, Kristján A. Guðjónsson, Arnheiður Jónsdóttir, Birna Benediktsdóttir, Benedikt Bjarnarson, Jóhann Hannibalsson, Sveinn Ragnarsson og Friðbjörg Matthíasdóttir.

Fjármálanefnd skipa, Kristín Hálfðánsdóttir formaður, Þórir Sveinsson, Oddný Þórðardóttir, Albertína Fr. Elíasdóttir, Daníel Jakobsson og Aðalsteinn Óskarsson

Afgreiðsla mála frá nefndum

Kristín Hálfðánsdóttir bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ formaður Fjármálanefndar kynnti niðurstöður nefndarinnar. Fjármálanefnd lagði til breytingar á þingsskjölum fjárhagsáætlun og ársreikningum sjá þingsskjal nr. 14 áður þingsskjöl 3a, 3b og 5.

Breytingar samþykktar samhljóma.

Andrea Björnsdóttir oddviti í Reykhólahreppi, formaður Allsherjarnefndar kynnti niðurstöður nefndarinnar.

Friðbjörg Matthíasdóttir ber upp tillögur Allsherjanefndar;

Tillaga vegna raforkukostnaðar (Sjá þingsskjal nr. 15 áður nr. 8) samþykkt samhljóma.

Tillaga vegna byggðaðróunar (Sjá þingsskjal nr. 16 áður nr. 9) samþykkt samhljóma.

Tillaga vegna húshitunarkostnaðar (Sjá þingsskjal nr. 17 áður nr. 10) samþykkt samhljóma.

Tillaga vegna flugvallar (Sjá þingsskjal nr. 18 áður nr. 11) samþykkt samhljóma.

Tillaga vegna samgangna (Sjá þingsskjal nr. 19 áður nr. 12) samþykkt samhljóma.

Gísli Halldór Halldórsson bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, formaður Fjórðungsmálanefndar kynnti niðurstöður nefndarinnar. Gísli Halldór fór yfir þær breytingar sem urðu á málum inn í Fjórðungsmálanefnd en þær voru töluverðar.

Þingforseti opnar fyrir umræður um tillögur Fjórðungsmálanefndar.

Aðalsteinn Óskarsson tekur til máls og óskar eftir skýringu á afstöðu nefndarinnar um hvers vegna landsstofnun líkt og Vinnumálastofnun sé sett inn sem fulltrúi í samráðsvettvangi vegna sóknaráætlunar Vestfjarða.

Sigurður Pétursson bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar tekur til máls og furðar sig á þeirri kúvendingu sem orðið hefur á tillöggunni, sem núna gangi þvert á vilja síðasta Fjórðungsþings sem og aukabingsins. Leggur hann fram breytingartillögu (Sjá þingsskjal nr. 23).

Sigurður Pétursson bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, leggur fram tvær breytingartillögur við framlagðar tillögur Fjórðungsnefndar - upptaka –

Gísli Halldór Halldórsson bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ svarar fyrirspurn Aðalsteins Óskarssonar og Sigurðar Péturssonar.

Benedikt Bjarnason bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ tekur til máls og spyr hvaðan kom til í upphafi að tillaga kom fram um sameiningu Atvest við FV.

Guðrún Stella Gissurardóttir forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Vestfjörðum útskýrði hvers vegna hún lagði til að Vinnumálastofnun ætti fulltrúa í samráðsvettvangi vegna Sóknaráætlunar.

Jóna Benediktsdóttir bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ tekur til máls og telur sjálfsagt að fleiri aðilar komi að vinnu með stoðkerfinu. Telur ósamstöðu okkar Vestfirðinga hafa skaðað þá uppbyggingarvinnu sem fram hefur farið undanfarin ár.

Ómar Már Jónsson sveitarstjóri í Súðavík svaraði spurningu Benedikts og hafði skoðun á framsetningu Gísla Halldórs Halldórssonar.

Shiran Þórisson framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða ræddi um stöðu Atvest í Vestfirsku samfélagi og talaði fyrir þjónustusamningaleiðinni.

Ketill Elíasson bæjarfulltrúi í Bolungarvík hafði skoðun á sameiningu eða yfirtöku á Atvest við FV og taldi Atvest hafa verið stillt upp við vegg.

Sigurður Pétursson bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar tók til máls varðandi stoðkerfi atvinnu og byggða, taldi hann einu sáttartillöguna sem lægi á borðinu vera tillögu sína þar sem Atvest starfar áfram en FV er eft.

Benedikt Bjarnason bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ telur að vanda þurfi til verka og ekki skuli samþykkja einhverja tillögu í flýti, einnig taldi hann mikilvægt að tillögur Aðalsteins Óskarssonar yrðu ekki hunsaðar.

Gústaf Jökull Ólafsson sveitarstjórnarmaður á Reykhólum tekur til máls og er sammála Sigurði Péturssyni um útfærslu vegna stoðkerfis.

Jóna Benediktsdóttir bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ tekur til máls og segist ekki sætta sig við að vera stillt upp við vegg.

Guðrún Stella Gissurardóttir forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Vestfjörðum. Upplýsti að hún hefði verið ein af stofnendum Atvest.

Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga fylgir eftir breytingartillögu sinni varðandi sóknaráætlun Vestfjarða.

Gísli Halldór Halldórsson bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ. Kom inn á fagráð sem ætlað verði að starfa með stjórn FV og vitnaði í fyrri samþykktir FV.

Daníel Jakobsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar tók til máls og benti á að í raun væru allir sammála og að hann treysti stjórn FV til að leysa þessi mál.

Þingforseti lagði fram tillögu þess efnis að **Aðalsteinn Óskarsson, Sigurður Pétursson, Albertína Elíasdóttir og Gísli Halldór Halldórsson** semdu sameiginlega tillögu vegna stoðkerfisins sem lögð yrði fyrir þingið, var sú tillaga samþykkt samhljóða.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir oddviti Tálknafjarðarhrepps formaður Kjörnefndar kynnti tillögur nefndarinnar. Bar hún upp tillögur kjörnefndar;

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga	Varastjórn FV
Albertína Fr. Elíasdóttir, Ísafjarðarbæ	Guðfinna Hreiðarsdóttir, Ísafjarðarbæ
Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð	Birna Benediktsdóttir, Tálknafjarðarhreppi,
Sveinn Ragnarsson, Reykhólahreppi	Jón Gísli Jónsson, Strandabyggð
Ómar Már Jónsson, Súðavíkurreppi	Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað
Sigurður Pétursson, Ísafjarðarbæ	Jóna Benediktsdóttir, Ísafjarðarbæ
Formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga	
Albertína Fr. Elíasdóttir	

Fastanefnd um samgöngumál	Varamenn
Elías Jónatansson, Bolungarvíkurkaupstað	Guðfinna Hreiðarsdóttir, Ísafjarðarbæ
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Tálknafjarðarhreppi	Magnús Ólafs Hansson, Vesturbyggð
Guðbrandur Sverrisson, Kaldrananeshreppi	Ingólfur Benediktsson, Árneshreppi
Gústaf Jökull Ólafsson, Reykhólahreppi	Eiríkur Kristjánsson, Reykhólahreppi

Löggiltir endurskoðendur
Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Skólanefnd Menntaskólans á Ísafirði	Varamenn
Karl Kristján Ásgeirsson, Ísafjarðarbær	Anna S. Jörundsdóttir, Bolungarvík
Sigríður Kristjánsdóttir, Ísafjarðarbær	Ómar Már Jónsson, Súðavík

Menningarráð Vestfjarða	Varamenn
Arnar S. Jónsson, Strandabyggð	Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Reykhólahreppi
Kristján Andri Guðjónsson, Ísafjarðarbæ	Sr. Fjölur Ásbjörnsson, Ísafjarðarbæ
Ásgerður Þorleifsdóttir, Ísafjarðarbæ	Sturla Páll Sturluson, Ísafjarðarbæ
Sigrún Bragadóttir, Bolungarvík	Dagbjörg Hjaltadóttir, Súðavíkurreppi
Matthías Ágústsson, Vesturbyggð	Guðrún Leifsdóttir, Vesturbyggð

Allar tillögur Kjörnefndar voru samþykktar með lófaklappi.

Jón Jónsson fráfarandi stjórnarmaður í FV þakkaði samstjórnarmönnum samstarfið sl. tvö ár.

Aðalsteinn Óskarsson, Sigurður Pétursson, Albertína Elíasdóttir og Gísli Halldór Halldórsson leggja fram sáttatillögu fyrir þingið. (Sjá þingsskjal nr. 24). Tillagan borin upp til samþykkis, samþykkt með þorra atkvæða.

Tillaga um vinnulag vegna sóknaráætlunar og skipan samráðsvettvangs (Sjá þingsskjal nr. 20) borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga um nýtingaráætlun (Sjá þingsskjal nr. 13) borin upp og samþykkt samhljóða.

Albertína Elíasdóttir formaður stjórnar FV tekur til máls og þakkaði þingfulltrúum samvinnuna og það traust sem henni hafi verið sýnt með því að kjósa hana sem formann stjórnar FV. Hún þakkaði starfsmönnum þingsins þeirra vinnuframlag. Að þessum orðum mæltum sleit hún 57. Fjórðungsþingi Vestfirðinga og óskaði þingfulltrúum góðrar heimferðar og heimkomu.

Þingi slitið kl. 17:30

Friðbjörg Matthíasdóttir, þingforseti
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, vara þingforseti.

Díana Jóhannsdóttir, þingritari
Magnús Ólafs Hansson, þingritari

Ályktanir 57. Fjórðungsþings Vestfirðinga

Jöfnun kostnaðar við dreifingu á raforku til almennra nota

57. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið á Bíldudal þann 4. og 5. október 2012 krefst þess að Alþingi jafni að fullu raforkuverð til almennra notenda um land allt. Með nýrri skipan raforkumála voru samþykkt sérstök lög, nr. 98/2004 um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. Þar kemur fram að: *Markmið laga þessara er að stuðla að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda. Í lögnum segir m.a.: Greiða skal niður kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku á þeim svæðum þar sem Orkustofnun hefur heimilað sérstakrar dreifbýlisgjaldskrár í samræmi við ákvæði 5. mgr.17. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Í lögnum stendur einnig: Skilyrði niðurgreiðslu er að meðaldreifingarkostnaður notenda á orkueiningu sé umfram viðmiðunarmörk sem ráðherra setur í reglugerð.*

Þegar löggin tóku gildi í upphafi árs 2005 var veitt 230 mkr. í þennan málaflokk, í dag er veitt 240 mkr. í þennan málaflokk, en þyrfti að vera um 1100 mkr. til að jafna muninn.

Nýjar leiðir til byggðapróunar

57. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið á Bíldudal þann 4. og 5. október 2012 skorar á Alþingi og Ríkisstjórn Íslands að taka til alvarlegrar skoðunar þær aðgerðir Norðmanna sem nýttar hafa verið til að sporna gegn neikvæðri byggðapróun. Það er augljóst af reynslu síðustu áratuga að aðgerðir sem Íslendingar hafa verið að beita til að sporna gegn fólksfækkun á svæðum eins og Vestfjörðum hafa ekki virkað. Til að ná árangri þarf aðgerðir. Þær aðgerðir fela meðal annars í sér að beita skattkerfinu, t.a.m. með lækkun tekjuskatts, hvetjandi námslánafyrirkomulagi og lækkun tryggingagjalds fyrirtækja á svæðum sem búa við viðvarandi fólksfækkun. Það er löngu tímabært að taka upp nýjar aðferðir til að reyna að snúa við byggðapróun og skorar Fjórðungsþing Vestfirðinga á Alþingi og Ríkisstjórn Íslands að læra af Norðmönnum í þeim tilgangi að bæta búsetuskilyrði í fjórðungnum.

Niðurgreiðslur til húshitunar

57. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið á Bíldudal þann 4. og 5. október 2012 skorar á Alþingi að fara að tillögum varðandi jöfnun húshitunarkostnaðar sem starfshópur á vegum iðnaðarráðuneytisins hefur skilað í „*Skýrslu starfshóps um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar (des 2011)*“ og tekur Fjórðungsþing Vestfirðinga eindregið undir þær tillögur sem þar eru settar fram.

Í skýrslunni leggur starfshópurinn til að jöfnunargjald verði lagt á um áramót 2012/2013 samhliða endurskoðun á orkuskatti sem í dag er 0,12 kr/kWst. Í lögum um umhverfis- og auðlindaskatta segir að lög um orkuskatta falli úr gildi 31. desember 2012 (Lög nr. 129 23. desember 2009). Starfshópurinn leggur til að í stað orkuskatts yrði lægra jöfnunargjald lagt á í staðin eða 10 aurar á hverja framleidda kílóvattstund, 0,10 kr/kWst.

Ályktun gegn flutningi miðstöðvar innanlandsflugs frá Reykjavík

57. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið á Bíldudal þann 4. og 5. október 2012, leggst eindregið gegn því að miðstöð innanlandsflugs verði flutt frá Reykjavík og skorar á innanríkisráðherra að beita sér fyrir því.

Góðar samgöngur við Reykjavík eru ein af grundvallarforsendum þess að ungt fólk sjái tækifæri í því að setjast að utan höfuðborgarsvæðisins. Fyrir þær byggðir sem eru í meira en 3 klst. akstursfjarlægð frá höfuðborginni gegna flugsamgöngur lykilhlutverki sem valkostur við samgöngur á landi um leið og þær eru mikilvægur öryggishlekkur í heilbrigðisþjónustu við íbúana.

Í nýlegri skýrslu frá KPMG um áhrif þess ef miðstöð innanlandsflugs yrði flutt til Keflavíkur kemur fram að kostnaður íbúa á landsbyggðinni mundi aukast um 6 til 7 milljarða á ári. Stór hluti þess kostnaðar er til kominn vegna þess að íbúar eru að leita grunnþjónustu eins og lækniþjónustu í höfuðborg allra landsmanna – þjónustu sem er lífsnauðsynleg, en 70% farþega með innanlandsflugi eru búsettir á landsbyggðinni. Færð hafa verið fyrir því mjög sterk rök að ef innanlandsflug verði fært til Keflavíkur þá leggist innanlandsflug við Ísafjarðarflugvöll af í þeirri mynd sem það er nú með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Það er þó fyrirséð að áhrifin á heilbrigðisþjónustu yrðu neikvæð. Áhrif á aðgengi að menntun og menningu sem kostuð er af sameiginlegum sjóðum landsmanna yrðu neikvæð. Áhrif á menningarlíf á Vestfjörðum yrðu neikvæð. Áhrifin á rekstur fyrirtækja á Vestfjörðum yrðu neikvæð. Áhrifin á vilja nýrra fyrirtækja til að byggja upp á Vestfjörðum yrðu neikvæð. Augljóst er því að heildaráhrifin af því að flytja miðstöð innanlandsflugs til Keflavíkur eru mjög neikvæð fyrir íbúapróun á Vestfjörðum, ef það er á annað borð talið neikvætt að íbúum á Vestfjörðum haldi áfram að fækka.

Fjórðungsþing Vestfirðinga telur að allar hugmyndir um flutning innanlandsflugs til Keflavíkur séu í raun ekki valkostur. Þær eru algjörlega óraunhæfar og áframhaldandi umræða í þá veru er einungis til þess fallin að ala á óeiningu á milli íbúa á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að samgönguyfirvöld nái um það samkomulagi við hlutaðeigandi sem fyrst að þær verði slegnar af.

Vestfirðir í forgang í samgöngumálum

57. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið á Bíldudal þann 4. og 5. október 2012 skorar á stjórnvöld að setja Vestfirði í forgang í samgöngumálum.

Stjórnvöld hafa í orði viðurkennt þá staðreynd að Vestfirðir sem landshluti sé orðinn það langt eftir á vegamálum miðað við aðra landshluta, að þörf sé á að setja þá í sérstakan forgang gagnvart fjárframlögum til samgöngubóta. Fjórðungsþing Vestfirðinga heitir á stjórnvöld að standa við þau fyrirheit sem í þessari yfirlýsingu felst.

Það er staðreynd að þéttbýlisstaðir á Vestfjörðum eru einu byggðarlögin á landinu sem ekki eru enn komin í heilsársvegasamband, hvorki á milli helstu þéttbýlisstaða né með öruggum tengingum inn á aðalþjóðvegakerfið.

Markmið Vestfirðinga í samgöngumálum eru að ná sömu stöðu og aðrir landshlutar:

- Að allar byggðir Vestfjarða tengist aðalþjóðvegakerfi landsins
- Að tengja saman þéttbýlisstaði á Vestfjörðum

Til þess að svo megi verða, þurfa stjórnvöld með stuðningi kjörinna fulltrúa á Alþingi úr öllum landshlutum, að sameinast um þessi markmið og standa við það fyrirheit að Vestfirðir njóti ákveðins forgangs, á meðan þessum markmiðum verði náð.

Þau verkefni sem brýnust eru til að uppfylla grundvallarmarkmið um heilsárssamgöngur á Vestfjörðum eru:

- Að klára vegagerð um Gufudalssveit í Barðastrandarsýslu á Vestfjarðavegi 60.
- Að standa við áætlanir um gerð Dýrafjarðarganga 2015-2018, og stytta þannig núverandi leiðina um 27 km.
- Að flýta gerð nýs vegar um Dynjandisheiði.
- Að vegagerð um Bjarnafjarðarháls og Veiðileysuháls verði kláruð á öðru tímabili samgönguáætlunar og að síðasta áfanga þeirrar framkvæmdar, veginum norðan Reykjafjarðar, verði lokið á þriðja tímabili áætlunarinnar.

Auk þess er nauðsynlegt að Vestfirðingar njóti sömu möguleika og aðrir landshlutar í uppbyggingu ferðaþjónustu, með úrbótum á ferðamannaleiðum. Þar ber hæst að hefja vegabætur á veginum út á Látrabjarg og leggja bundið slitlag á vegi og vegakafla, sem þegar eru tilbúnir fyrir það.

Fjórðungsping Vestfirðinga leggur mikla áherslu á áframhaldandi uppbyggingu fjarskiptakerfisins og krefst þess að úrbætur á því sviði nái til allra landsmanna. Öflugt netsamband í öll byggðarlög er orðin krafa nútímans, líkt og símasamband var fyrir einni öld. Stjórnvöld verða að tryggja framgang þessa máls, með þeim ráðum sem duga, hvernig sem eignarhaldi á grunnneti er fyrirkomið eða löggjöf um fjarskipti. Þegar landsins eiga ekki að líða fyrir skipulagsleysi í fjarskiptamálum. Það er skylda stjórnvalda að jafna möguleika allra íbúa landsins til grunnþarfa, til að styrkja atvinnulíf og samfélag á öllu landinu. Það mun ætíð skila sér í ríkara þjóðfélagi.

Sóknaráætlun landshluta

57. Fjórðungsping Vestfirðinga á Bíldudal, haldið þann 4. og 5. október samþykktir eftirfarandi vinnulag vegna Sóknaráætlunar Vestfjarða (Sóknaráætlun landshluta).¹

Unnar verði þrjár minni sóknaráætlanir fyrir hvers svæði Vestfjarða, Norðursvæði, Suðursvæði og Reykhóla og Strandir. Þær verði svo teknar saman og úr þeim gerð ein heildstæð sóknaráætlun fyrir Vestfirði.

Strax í framhaldi af 57. Fjórðungspingi Vestfirðinga verði leitað til Atvinnuþróunarfélags Vestfirðinga um að vinna að sóknaráætlun þessara þriggja svæða, í náinni samvinnu við

¹ Skv. ríkisstjórnarsamþykkt frá 22. júní 2012 er landshlutasamtökum sveitarfélaga falið að vinna og bera ábyrgð á sóknaráætlun landshluta

framkvæmdastjóra sveitarfélaganna. Þeirri vinnu skal lokið og skilað til skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga eigi síðar en 15. nóvember n.k.

Þann 19. nóvember n.k. skal samráðsvettvangur Sóknaráætlunar Vestfjarða kallaður saman og fara yfir þá vinnu sem liggur fyrir og í framhaldi af því skipa framkvæmdaráð sem vinnur að Sóknaráætlun Vestfjarða.

Lokatillaga að sóknaráætlun verður svo send samráðsvettvanginum þann 1. desember n.k. til umræðu og umsagnar, lokaskjal verði svo birt 15. desember 2012.

Tillaga að skipan samráðsvettvangs vegna vinnu við Sóknaráætlun Vestfjarða

- Stjórn FV
- 10 fulltrúar frá atvinnulífinu (fulltrúar frá samtökum atvinnulífsins og LÍÚ, Samtök smábátaeigenda, sjávarklasa, eldisklasa, samtökum iðnaðarins, ferðamálasamtökunum, veitubjónusta, verslun og þjónustu, fjármálafyrirtæki, búnaðarsamtök)
- Hvert sveitarfélag skipi 1-2 fulltrúa (valkvætt)
- 1 fulltrúi frá Atvest
- 1 fulltrúi frá Vaxvest
- 1 fulltrúi frá Markaðsstofu
- 1 fulltrúi frá Menningarráði
- 1 fulltrúi frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- 1 fulltrúi frá Háskólasetri Vestfjarða
- 1 fulltrúi frá Rannsóknaklasa Vestfjarða
- 1 eða fleiri fulltrúar frá stéttarfélögum á Vestfjörðum
- 1 fulltrúi frá Náttúrustofa Vestfjarða
- Aðrir hagsmunaaðilar sæki um aðild að samráðsvettvanginum hjá stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Stoðkerfi atvinnu og byggða

Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið 4. og 5. október 2012, samþykkir að Fjórðungssamband Vestfirðinga óski eftir að taka yfir samning um atvinnuráðgjöf á Vestfjörðum og stofni sérstaka byggðaþróunardeild, í takt við það sem ákveðið var á aukabíngi Fjórðungssambands Vestfirðinga 25. nóvember 2011. Unnið verði áfram með sameiningu Markaðsstofu og Menningarráði líkt og ákveðið hefur verið og stefnt að sameiginlegum rekstri frá og með næstu áramótum.

Áfram verði haldið samstarfi við Atvest með þjónustusamningi um atvinnuráðgjöf og verkefni á sviði atvinnuþróunar, þar sem kveðið yrði á um samstarf FV og Atvest og stefnt að aukningu þess.

Fallið verði frá fyrri hugmyndum um fagráð til stuðnings stjórnar FV. Þess í stað muni stjórn FV sækjast eftir samstarfi við samstarfsvettvang sóknaráætlunar Vestfjarða og framkvæmdaráð þess.

Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða

57. Fjórðungsþing Vestfirðinga á Bíldudal, haldið þann 4. og 5. október 2012 óskar eftir samvinnu sveitarfélaganna á Vestfjörðum og ríkis um gerð nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Vestfjarða.

Sveitarfélög á Vestfjörðum óska eftir samvinnu við ríkið um gerð nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Vestfjarða. Áætluninni er ætlað fyrirbyggja hagsmunaaðreksstra og draga úr álagi á umhverfi vegna nýtingar, ásamt því að auka samkeppnishæfni svæðisins og snúa þannig við neikvæðri mannfjöldapróun síðustu 30 ára. Gerð nýtingaráætlunarinnar samræmist þeim ásetningi sveitarfélaga á Vestfjörðum að efla svæðið með sameiginlegri stefnumótun er byggi á styrkleikum svæðisins og þeim auðlindum sem þar er að finna, ekki síst á haf- og strandsvæðum.

Í raun er hér um að ræða skipulagsáætlun og yrði nýtingaráætlunin brautryðjendaverkefni á Íslandi, til þess fallin að skipa Íslandi á bekk með Norðurlöndunum og fleiri Evrópuþjóðum hvað varðar skipulag strandsvæða, en strandlengja Vestfjarða er þriðjungur af strandlengju Íslands.

Þar sem sveitarfélögin hafa enn ekki skipulagsvald út fyrir netlög yrði slík nýtingaráætlun yfirlýsing sveitarfélaganna um hvernig þau vilja að strandsvæðin séu nýtt. Áætlunin myndi einnig veita leyfisveitendum, eftirlitsaðilum, notendum og íbúum gott aðgengi að hagnýtum grunnupplýsingum um náttúrufar og núverandi nýtingu svæðisins. Vinnan mun auk þess nýtast opinberum aðilum beint við:

- Frekari söfnun grunnupplýsinga og uppbyggingu þekkingar á strandsvæðinu
- Endurskoðun laga um skipulag og stjórnsýslu á haf- og strandsvæðum
- Gerð hafskipulags
- Gerð og endurskoðun landsskipulagsstefnu
- Framkvæmd laga um stjórn vatnamála
- Skráningu og utanumhald á núverandi nýtingu haf- og strandsvæða

Í ljósi þess að sveitarfélög hafa ekki skipulagsvald á strandsvæðum er lagt til að sveitarfélögin greiði 10% af kostnaði við næsta áfanga verkefnisins og ríkisvaldið 90%. Ríkisvaldið hefur mikilla hagsmuna að gæta á strandsvæðunum líkt og sveitarfélögin og skörun við önnur verkefni er umtalsverð.

Greinargerð:

Nýtingaráætlun fyrir Arnarfjörð er nú á lokastigum og mikil reynsla hefur þegar áunnist. Verkefnið hefur notið víðtæks stuðnings á meðal íbúa, hagsmunaaðila og hins opinbera og hefur það auðveldað alla vinnu þess.

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa ályktað um skipulagsmál utan lögsögu sveitarfélaga. Þau telja rétt að þau öðlist skipulagsvald á strandsvæðunum, þ.e. að einni sjómílu út fyrir grunnlínupunkta landhelginnar. Um þetta eru eflaust skiptar skoðanir en þetta ætti þó ekki að spilla fyrir framhaldi verkefnisins, því það liggur fyrir að opinberar stofnanir munu þurfa að ráðast í verk sem skarast við innihald nýtingaráætlunarinnar eins og bent var á hér að framan.

Samvinna ríkis og sveitarfélaga er mikilvæg til að gæta samræmis í stefnu þeirra, þ.e. samræmingu nýtingaráætlunar við landsskipulagsstefnu og hafskipulag, þegar og ef það tekur gildi. Nýtingaráætlunin getur þannig orðið hluti af hafskipulagi, nánari útfærsla þess eða grunnur sérstaks strandsvæðaskipulags.

Nánari útfærslur yrðu gerðar í samningi á milli stofnana, ráðuneyta og Fjórðungssambands Vestfirðinga. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir að Ísafjarðardjúp og Jökulfirðir verði tekin fyrir en þar er hvað brýnust þörf á aðgerðum.

Bent skal á að verkefnið í heild sinni, nýtingaráætlun fyrir allt strandsvæði Vestfjarða, gæti að öllu líkindum fallið mjög vel að því að verða IPA verkefni í samstarfi við Evrópusambandið. Með vinnslu þess væri skipulag fært nær því sem tíðkast víða í löndum sambandsins. Heildarverkefnið gæti kostað í kringum kr. 100.000.000,- en það færi þó eftir því hve útarlega það væri unnið.